

Fornleifakönnun í landi Kataness II:

Úttekt á tveimur byggingarreitum vegna fyrirhugaðrar
rafskautaverksmiðju



Birna Lárusdóttir

**FS208-03072
Reykjavík 2003**



1. INNGANGUR.....	4
2. FORNLEIFAKÖNNUN Í JÚNÍ 2003.....	4
3. FORNLEIFAKÖNNUN Í ÁGÚST 2003	8
4. SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR.....	9
HEIMILDIR:	11
VIÐAUKI: FORNLEIFASKRÁ.....	12

© Fornleifastofnun Íslands 2003
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.fornleif.is

1. Inngangur

Sumarið 2003 voru fornleifar kannaðar á tveimur svæðum við bæinn Katanes á Hvalfjarðarströnd. Var það gert að ósk verkfræðistofunnar Hönnunar vegna mats á áhrifum framkvæmda við fyrirhugaða rafskautaverksmiðju.

Fyrri könnunina gerði Adolf Friðriksson í júní. Þá var ráðgert að reisa verksmiðjuna á gamla túnstæði Kataness, skammt norðan við sjálfan bæjarhólinn en sunnan Katanestjarnar. Niðurstöður Adolfs voru prentaðar í skýrslu sem út kom fyrir í sumar.¹ Er 2. kafli í þessari skýrslu byggður á henni að miklu leyti og sumir hlutar hennar einfaldlega endurbirtir. Adolf réð eindregið frá því að verksmiðja yrði reist í túninu sökum fjölda fornleifa þar. Slíkt myndi hafa í för með sér kostnaðarauka og tafir vegna nauðsynlegra rannsókna. Í ljósi þessa var ákveðið að athuga möguleika á að færa verksmiðjustæðið austur fyrir túnið. Í ágúst hélt Birna Lárusdóttir á staðinn og tók út fornleifar á hinum nýja byggingarreit. Niðurstöður hennar birtast hér í 3. kafla. Sá hluti verksins var unnin undir stjórn Adolfs Friðrikssonar.

Á vettvangi tóku rannsóknarsvæðin mið af drögum að skipulagi og nýtingu staðarins. Voru fornleifar einkum athugaðar á byggingarreitunum tveimur og um 250 m út fyrir helstu athafnasvæði. Að auki skráði Birna fornleifar á jörðinni allri í tengslum við fornleifaskráningu í Hvalfjarðarstrandarhreppi sem fer fram um þessar mundir. Niðurstöður þeirrar skráningar eru í viðauka aftast í þessari skýrslu. Þó ber að taka fram að sú skráning er ekki jafn nákvæm og þær athuganir sem hafa verið gerðar á byggingarreitunum tveimur. Hildur Gestsdóttir aflaði heimilda um fornleifar í landi Kataness.

2. Fornleifakönnun í júní 2003

Bærinn í Katanesi stendur á lágum hól syðst í landareigninni, en skammt upp frá sjónum. Fyrirhugað er að reisa verksmiðju á sjálfum bæjarhólnum og því voru minjar þar og í grennd við hólinn athugaðar. Alls eru þekktar 35 minjar í landi Kataness. Þar af eru níu staðir innan fyrirhugaðs framkvæmdareits en a.m.k. tólf í nágrenni við hann. Verður fyrst greint frá minjum innan svæðisins.

Helsti minjastaðurinn er sjálfur bæjarhóllinn (**BO-013:001**, sjá Mynd 1). Kataness er getið í landnámu og er fornbylí. Ekki er vitað hvar bærinn hafi staðið í öndverðu en þó má vera að hann hafi ávallt staðið á sama stað. Á bæjarhólnum stendur steinsteypt íbúðarhús og gömul útihús. Ekki leikur vafi á að í bæjarhólnum eru miklar mannvistarleifar.



Mynd 1. Byggingarreitur A. Fornleifar á Katanesi. Númerin vísa til fornleifaskrár Kataness. Ljósgræna línan sýnir mörk gamla túnsins um 1920. Ljósbláa línan sýnir fyrirhugaða staðsetningu verksmiðjunnar.

Í gamla heimatúni Kataness eru nokkur útihús (**2-6**), sem lenda öll innan framkvæmdareits nema eitt (**2**). Minjar húsanna hafa verið sléttaðar undir tún í öllum tilfellum nema einu (**3**).

¹ Adolf Friðriksson. 2003. *Fornleifakönnun í landi Kataness á Hvalfjarðarströnd 2003*. FS205-03071.

Þar eru enn vel varðveittar tóftarleifar af litlu útihúsi sem er um 4 m á hvorn veg, með dyr í vestur. Þessi útihús voru í notkun í byrjun 20. aldar og eru sýnd á túnakorti frá 1918. Þá sjást enn óglöggar leifar útihúsa (6) um 30 m austar, 20 m suðvestan við vélageymsluna í Katanesi. Tóftin hefur verið sléttuð að mestu leyti en þó sést enn móta fyrir veggjum á tvískiptu húsi. Samkvæmt örnefnalýsingu hét *Gömluhúsatún* á þessum stað og líklegt að þarna séu komnar leifar Gömluhúsa sem líkast til hafa verið fjárhús. Önnur útihús í Katanesstúni eru með öllu horfin. Má vera að enn leynist minjar á þeim stöðum þar sem húsin stóðu, og að þau hafi verið reist á rústum eldri mannvirkja svo sem algengt var.

Við vettvangsathugun komu í ljós mannvirkjaleifar (23 og 30) í túninu um 70 m NA við Katanesbæ. Eru þessi ummerki ógreinileg og líkjast helst stórum þústum, en bóndinn á bænum mun hafa ætlað að grafa í nyrðri þústina (23) og lenti þá í hleðslugrjóti. Sjást enn ummerki um þann gröft. um 8 m SV við þennan stað er aflöng þúst (30), líklega leifar af vegg, og sjást um 6 m af honum. Er hann um 2.5 m breiður. Einnig fannst tóft (24) á holti rúma 200 m NA af bænum. Hún er grjóthlaðin og einföld en ekkert er vitað um hlutverk hennar (Mynd 3).

Eru þá upptaldar þekktar minjar innan fyrirhugaðs framkvæmdareits, en minnt skal á að þar kunna fleiri fornleifar að leynast sem ekki sér móta fyrir á yfirborði og er ekki getið í rituðum heimildum. Nú skal vikið að stöðum í næsta nágrenni fyrirhugaðrar verksmiðjulóðar.

Besti hluti gamla túnsins liggur á sjávarbakkanum neðan við bæinn. Þar hét áður Beðatún (35) og ef vel er að gáð sér enn móta fyrir beðasléttum syðst í túninu, vestan við heimkeyrsluna. Vestast við túnið eru leifar af gömlum túngarði (8). Hann hefur að mestu verið rifinn, en í holtinu utan túnsins má enn rekja garðleifar á um 30-40 m spotta, frá sjávarbakka og upp að tóft (21) sem þar er í holtinu. Tóftin er um 200 m vestan við bæinn og 40 m norðan vegar. Hún er vel varðveitt og hefur fengið að standa óhöggðu, enda ekki tústæði þar á holtinu. Hún er um 8x7 m, snýr N-S með dyr í suðurenda. Þarna var hesthús, nefnt *Beggakofi*, byggt um 1930. Ekki er vitað hvort önnur úthús stóðu þar áður.

Í suðausturhorni gamla túnsins, skammt upp af sjávarbökkum eru þústir og lágir hólar. Óvíst er hvort þar leynist fornleifar en 3-4 þessara þústa (32) eru allreglulegar að lögun og minna á upphlaðin leiði, um 2,5 m að lengd og 1, 5 m að breidd og snúa A-V. Þústirnar eru í túni og

grasi grónar. Austan við þústirnar er áberandi kletthóll, Stórihóll. Austan við hann var kindarétt, Höfðaréttin (31). Aðeins sjást óglöggar leifar einnar hleðslu þar og hefur brim líklega unnið á tóftinni, enda hefur hún verið fremst á sjávarbakka.

Þrjár lendingar eða varir eru nafngreindar í Katanesi og eru tvær þeirra skammt sunnan byggingarreits. Þetta eru Bæjarvör (27) og Höfðavör (28). Á hvorugum staðnum vottar fyrir mannvirkjum. Skammt vestan Höfðavara var þvottastaður, Sokkalaus (29), þar sem skolað var úr sokkum í sæsorfinni klapparskál.

Loks ber að nefna Katanestjörn (7) en hún er talsvert utan fyrirhugaðs framkvæmdareits. Katanestjörnin er sennilega þekktasti þjóðsögustaður á Hvalfjarðarströnd. Úr henni lá Dýrskurður til vesturs og niður í sjó í Leyni. Skurðurinn gamli mun vera sýnilegur á köflum en þar hafa verið grafnir nýir skurðir og land ræst fram.

Auk þessara minja eru heimildir um nokkra staði sem ekki hefur verið unnt að staðsetja nákvæmlega en ljóst að eru innan framkvæmdareits eða í næsta nágrenni hans. Ekki sjást leifar bátsnausts (9) sem á að vera í Leyni vestan bæjarins. Horfnar eru traðirnar (12) sem lágu í gegnum túnið og brunnar sem voru suðvestan við bæinn (15). Reyndar sést óglögg dæld þar sem annar brunnurinn var, skammt sunnan við heimkeyrsluna. Gamligarður (16) var í túninu, austar en þær túngarðsleifar sem nú sjást. Hann mun með öllu horfinn. Leifar kotbýlisins Klappar (33), þar sem búið var í fáein ár um aldamótin 1900, eru horfnar undir tún, en kotið mun hafa staðið skammt utan framkvæmdasvæðis.

Niðurstöður

Fyrirhuguð staðsetning verksmiðju á túnstæði Katanes mun líklega hafa í för með sér afar umsvifamiklar fornleifarannsóknir, þar sem rannsaka þarf bæði bæjarhól Katanesbæjar, sem jafnvel geymir minjar um búsetu þar í 1100 ár, auk leifa útihúsa og annarra minja sem eflaust leynast í heimatúni bæjarins. Fornleifarannsóknir eru kostnaðarsamar og geta valdið töfum við byggingarframkvæmdir. Auk fornra mannvistarleifa, þá mun fyrirhuguð staðsetning verksmiðjunnar endanlega gera út um möguleika á að gera hinn merka þjóðsögustað Katanestjörn aðgengilegan fyrir almenning og ferðalanga í framtíðinni.

Þar sem niðurstaða fornleifakönnunarinnar sýnir að fyrirhugaður staður er í raun sísti kosturinn hvað varðar varðveislu menningarlegra verðmæta í Kataneslandi er vert að huga að

öðrum möguleikum. Hvað minjar varðar væri hentugra að nýta landsvæðið nær lóðum Norðuráls og Járnblendifélagsins, þ.e. vestast og næst sjónum. Þar er sléttlendi og eflaust ekki síðra byggingarland en þar sem hinar verksmiðjurnar standa, og ekki er kunnugt um neinar fornminjar á þessum stað.

3. Fornleifakönnun í ágúst 2003

Um mitt sumar 2003 var Fornleifastofnun Íslands tilkynnt að ákveðið hefði verið að kanna aðra möguleika á staðsetningu rafskautaverksmiðju í Katanesi. Nýjar hugmyndir gerðu ráð fyrir að verksmiðjan yrði reist austan Katanesstúns, Nær svæðið næstum að sjávarbakkanum



Mynd 2. Byggingarreitur B. Númerin vísa til fornleifaskrár Kataness. Svarta línan afmarkar fyrirhugað framkvæmdasvæði.

að sunnan en syðri mörkum Katanestjarnar að norðan. Á þessum slóðum hefur aldrei verið eiginleg túnrækt. Hálfgróin melholt eru næst bænum en mýrar þar norðan og austan við. Þær

hafa nú verið ræstar fram að mestu leyti með skurðum en hross eru höfð í girðingu á holtunum. Gengið var um allt svæðið og það kannað með tilliti til fornleifa. Fyrirfram var aðeins vitað um einn fornleifastað á svæðinu: mógrafir við Efra- og Neðra- Móholt. Enn sjást greinileg merki grafanna (22) austan við holtin, rúma 300 m norðaustur af bæ. Þá fannst grjóthlaðin tóft (24) á Efra-Móholti, vestan við mógrafirnar. Ekki er vitað hvaða hlutverki hún gegndi og örðugt að ráða það af lögun hennar. Helst má þó giska á að þar hafi verið lítið aðhald eða kvíar. Hleðslur virðast

aldrei hafa verið háar og því líkast því sem ekki hafi

verið lokið við mannvirkið. Ekki er að sjá að uppsöfnuð byggingarefni séu undir tóftinni og því líklega aðeins um eitt byggingarstig að ræða.



Mynd 3: Tóft (024) á Efra-Móholti, horft í norður.

4. Samantekt og niðurstöður

Heimildir um fornleifar í landi Kataness hafa verið kannaðar og minjar skoðaðar á vettvangi. Við fornleifaskráningu var lögð áhersla á tvo skipulagsreiti sem til greina komu sem byggingarland fyrir rafskautaverksmiðju. Gengið var um þá báða og þeir skoðaðir með tilliti til fornleifa. Aðrir minjastaðir á jörðinni voru skráðir eins og tíðkast í venjubundinni fornleifaskráningu. Alls er kunnugt um 35 minjastaði í Katanesi.

- Inni á byggingarreit **A** er alls vitað um níu fornleifar. Tólf fornleifar til viðbótar eru í næsta nágrenni við reitinn, langflestar sunnan við hann.
- Inni á byggingarreit **B** er vitað um tvær fornleifar. Vesturmörk reitsins eru skammt frá bæjarhól Kataness og þar er fjöldi fornleifa. Hins vegar er ekki vitað um neinar fornleifar í námunda vip austur- og norðurmörk reitsins.

Ljóst er að fornleifar leynast inni á báðum þeim svæðum sem tekin hafa verið til athugunar vegna fyrirhugaðrar rafskautaverksmiðju í Katanesi. Þrátt fyrir það er gífurlegur munur á þeim hvað fjölda fornleifa varðar. Þetta helgast einkum af tvennu: Nálægð við bæinn og

landslagi. Reynsla af fornleifaskráningu undanfarin ár hefur sýnt að langflesta minjastaði er að finna í námunda við bæi. Þetta þarf engum að koma á óvart, enda hafa bæir yfirleitt staðið á sama stað um aldir, menn byggt þar skepnuhús, aðhöld, hlaðið garða og brunna svo eitthvað sé nefnt. Katanes er þar engin undantekning. Austan við bæinn eru mýrar ráðandi og stöku gróðurrýr holt. Það land hefur hvorki hentað undir byggingar né til túnræktar fyrr en eftir að stórvirkar vinnuvélar komu til sögunnar upp úr miðri 20. öld.

Með sjónarmið minjaverndar að leiðarljósi er byggingarreitur **B**, austan Kataness, mun heppilegri en reitur **A**.

Samkvæmt þjóðminjalögum er óheimilt að hrófla við fornleifum, og því ber framkvæmdaaðila að leita til Fornleifaverndar ríkisins um hvort og þá með hvaða skilmálum væri unnt að nýta fyrirhugaðan byggingarreit með hliðsjón af verndunarsjónarmiðum.

Óprentaðar heimildir:

Bo-013 Katanes: Ísleif, gagnasafn um íslenskar fornleifar. Fornleifastofnun Íslands.

Túnakort: Túnakort Hvalfjarðarstrandarhrepps, 1917-1920. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Katanes: Örnefni í Katanesi. Valgarður L. Jónsson skráði, 1979. Örnefnastofnun Íslands.

Prentaðar heimildir:

Adolf Friðriksson. 2003. *Fornleifakönnun í landi Kataness á Hvalfjarðarströnd 2003*. FS205-03071. Fornleifastofnun Íslands.

ÁB: Árni Björnsson. 1990. *Íslenskt vættatal*. Rv.

Byggðir Borgarfjarðar II. 1989.

Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson (1999) *Fornleifaskráning í Borgarfjarðarsýslu I. Svæðisskráning í Borgarfirði sunnan Skarðsheiðar*, Fornleifastofnun Íslands, FS085-9904, Reykjavík.

Viðauki: Fornleifaskrá

BO-013 Katanes

"Fyrrum var þessi jörð í eigu Saurbæjarkirkju, talin 16 hundruð að dýrleika. Hennar er getið í Landnámu sem bústaðar Kalmans hins írka, sem Kalmansá er kennd við." Byggðir Borgarfjarðar, 41.
Tún 40,548m², 1/3 þýft. Garðar 1,045m².

BO-013:001 *Katanes* bæjarhóll bústaður 64°21.874N 21°45.153V
"Bæjarhúsin stóðu framan í hól, Bæjarhólnum; við norðurgafla húsanna kom jörð töluvert upp á vegg," segir í örnefnalýsingu. Í sömu lýsingu er síðasta torfbænum í Katanesi lýst: "Katanesbærinn, sem ég [Valgarður L. Jónsson] ólst upp í, var byggður 1896, sama ár og faðir minn fæddist. Bjarni Bjarnason lét byggja hann. Bæjarhúsin voru þannig: Baðstofa 6x2 álnir, Norðurendi, tvær rúmlengdir, Suðurendi, tvö stafgólf, og Kamis eða Litlaherbeggi (gekk undir þessum nöfnum); þar var eitt rúm, þvert. Fyrir vestan Kamispilið var smágangur. Úr honum gengið í þessi þrjú verelsi og svo fram, þar um gang, sem hét Dimmugöng. Næst komu bæjardyr, inn af þeim hlóðareldhús, en vestasta burstin var á búrinu; þar skilvinda og mjólkurílát o.fl. Bærinn var alþiljaður og var talinn hið vandaðasta hús þess tíma." Núverandi bæjarhús standa á bæjarhólnum. Hann er sunnarlega í túni, tæpa 100 m norður af sjávarkampinum.

Sléttað tún er sunnan og vestan bæjar. Heimkeyrslan liggur heim á hlað úr suðvestri. Bæjarhóllinn er greinilegur, einkum norðan við gömul, steinsteyppt útihús sem standa á honum austast. Greinlega hefur verið tekið úr hólnum við byggingu húsanna, þannig nemur hóllinn að norðan við þakskegg þeirra en hugsanlega hefur honum verið rutt upp að veggjum. Vestan við húsin er stór hlaða og fjós með haughúsi og þar sunnan við er íbúðarhúsið. Norðan við útihúsin er vegur meðfram þeim í stefnu A-V að rúllubaggastæðu.

Heimildir: Ö-Katanes, 13, 14

BO-013:002 heimild um útihús 64°21.846N 21°45.279V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 voru útihús rúma 120 m vestur af bæjarhól 001.
Þar er hryggur í sléttuðu túni.
Húsin eru horfin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

BO-013:003 tóft útihús 64°21.936N 21°45.264V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 voru útihús um 160 m norðvestur af bæ.
Þar er nú tóft í sléttuðu túni.

Tóftin er um 4 x 4 m stór og hefur líklega haft dyr í vestur. Veggir eru um 1,2 m breiðir og um 0,3 m háir. Einn stór steinn er austast á tóftarvegg. Ekki er vitað um hlutverk þessarar byggingar en ekki ólíklegt að hér hafi verið hesthús eða hrútakofi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-013:004 *Hesthúsflöt* heimild um útihús 64°21.922N 21°45.160V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 90 m norður af bæjarhól 001, um 30 m suðvestan við útihús 005. Húsið hefur verið skammt austan við vegarslóða sem nú liggur að vélageymslu norðan Katanessbæjar.
Sléttað tún.

Engar leifar sjást af húsinu. Þegar Brandur Jónsson gerðist bóndi í Katanesi 1965 var tóft á þessum slóðum og hefur líklega verið af þessu húsi eða útihúsi 005. Tóftin var lítil og ekki ósvipuð þeirri sem hér hefur númerið 003. Sléttað var yfir túnið og efni úr tóftinni notað til að fylla upp í dæld sem var skammt vestar, þar sem nú er vegarslóði að vélageymslu. Í örnefnalýsingu Kataness er talað um Hesthúsflöt á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Katanes 12

BO-013:005 *Hesthúsflöt* heimild um útihús 64°21.929N 21°45.140V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 30 m austur af útihúsi 004.
Sléttað tún.

Engin merki sjást um húsið. Þegar Brandur Jónsson gerðist bóndi í Katanesi 1965 var tóft á þessum slóðum og hefur líklega verið af þessu húsi eða útihúsi 004. Tóftin var lítil og ekki ósvipuð þeirri sem hér hefur númerið 003. Sléttað var yfir túnið og efni úr tóftinni notað til að fylla upp í dæld sem var skammt vestar, þar sem nú er

vegarlóði að vélageymslu. Í örnefnalýsingu Kataness er talað um Hesthúsflöt á þessum stað.

Hættumat: hætta

Heimildir: Túnakort 1920

BO-013:006 *Gamla-Húsatún* heimild um útihús 64°21.943N 21°45.220V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 45 m austur af útihúsi 003. Þetta er 20-30 m suðvestur af vélageymslu sem er norðan Katanessbæjar.
Sléttað tún.

Enn sjást óglöggar leifar húsa. Sléttað hefur verið yfir þau að mestu leyti en útlínur eru samt greinilegar og rísa um 0,2 m yfir yfirborð. Tóftin er slegin ásamt túninu umhverfis. Alls er hún um 15 x 12 m stór og snýr suðaustur-norðvestur. Í henni eru tvö samhliða hölf og er hugsanlegt að hleðslan sem aðskilur þau sé af garða. Í örnefnalýsingu segir: "Vestan við Efra-Móholt við Gamla-Húsatúnið er smámelur.....suðvestur af Gömluhúsum og Húsatúni er Vesturtún.....". Virðist vel mögulegt að þessi tóft hafi einmitt verið af Gömluhúsum og túnið umhverfis verið nefnt Gamla-Húsatún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Katanes 12

BO-013:007 *Katanestjörn* þjóðsaga

"Upp í miðjan Leynirinn kom lækjarspræna; í hana lá Dýrskurður frá Katanestjörn. Sá skurður var grafinn til að fjarlægja hið fræga Katanesdýr, 1876, og dró nafnið af því," segir í örnefnalýsingu. Tjarnarstæðið er norðan bæjar, norðurbakki þess er rétt um 1 km norður af bæ.

Á þessum stað er mýrlendi og hefur tjörnin verið þurrkuð upp að mestu leyti en nokkrir pollar sitja þó enn þar sem hún hefur verið dýpst. Bakkar marka enn vel tjarnarstæðið en þó einna síst að sunnanverðu. Skurður hefur verið grafinn úr tjörninni til suðvesturs, einnig er skurður meðfram henni að suðaustan. Alls hefur tjörnin verið a.m.k. 500 x 300 m stór.

Í Íslensku vættatali eftir Árna Björnsson segir: "Árið 1874-76 þóttust menn verða varir við undarlegt dýr nálægt tjörn einni hjá bænum Katanesi á Hvalfjarðarströnd. Eftir blaðafregn var það á stærð við þrevetran nautgrip, aflangt með digran haus og þriggja álna langan hala. Það átti að hafa sex klær á stuttum fótum, afar mikinn kjaft með fjórum hvössum framtönnum. Það synti hraðar en það hljóp og elti menn og sauðfé. Með fulltingi landshöfðingja lágu menn um hríð við tjörnina. Skurður var grafinn úr henni í átt til sjávar og dagsverkum jafnað niður á hreppsbúa. Aldrei fundu menn þó skepnuna."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Katanes, 1; ÁB, 81

BO-013:008 garðlag túngarður 64°21.858N 21°45.388V

Leifar túngarðs sjást um 200 m vestur af bæjarhól 001, beint suður af Beggakofa 021.

Í túnjaðri.

Slittrur af grjóthlöðnum túngarði sjást og má rekja hann 30-40 m milli vegarins heim að Katanesi og tóftar 021. Aðeins eitt umfar grjóts sést og eru það meðalstórir steinar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-013:009 *Bátsrústin* heimild um naust 64°21.876N 21°45.723V

"Þa mun hafa verið laust eftir aldamótin síðustu, að stóran árabát rak í Leynir. Þetta mun hafa verið seint um haust, ef ég man rétt eftir frásögn föður míns. Ekki hafðist upp á eiganda bátsins; var hann því dreginn á land og hlaðið naust í kringum hann, nokkra faðma frá sjávarbakkanum. Þessi rúst sést enn; hún er rétt innar en bryggjubrotið, sem þarna var hlaðið 1946-47 sem væntanleg Ferjubryggja; þessi rúst var kölluð Bátsrústin eða Grænarústin í Leynir," segir í örnefnalýsingu.

Nú liggur vegur á bakkanum á þessum stað.

Engar leifar sjást af rústinni og má ætla að hún hafi horfið undir veginn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Katanes, 2

BO-013:010 *Stekkur* heimild um stekk 64°22.093N 21°46.356V

"Skollholt er nokkuð ofar í flóanum [en Smáholt]....Vestast í Skollholti stendur stór steinn, Skollholtssteinn....Austan til í Skollholtinu, norðan í því, undir klettasöns, er hlaðinn Stekkur úr grjóti og torfi. Hann var lengi notaður sem fjárrétt í tíð föður míns, en er aflagður fyrir löngu," segir í örnefnalýsingu. Skollholt nefnist holtið norðaustan við álverið á Grundartanga. Norðaustasti hluti þess er tæplega 1 km norðvestur af bæ.

Aflangt holt sem liggur austur-vestur eða því sem næst. Holtinu hefur verið raskað mikið vegna framkvæmda við álverið. Miklu efni, aðallega mold, hefur verið sturtað yfir holtið og dreift yfir svæðið norðan við það. Líklega er það uppmoksturinn frá þeim tíma er verksmiðjan var byggð.

Engar leifar sjást af stekknunum, hann hefur lent undir uppmokstrinum.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Katanes, 3

BO-013:011 *Torfristuholt* örnefni rista

"Upp í miðju stykki Björgvins, þarna við Klaufastaðamerkin, er svolítið holt, sem heitir Torfristuholt. Því komst ég að af hreinni tilviljun, því nafnið mun hafa verið gleymt. Þannig var, að ég fann sundurrifna snepla af gömlu landamerkjakorti. Þegar ég raðaði þessum lélegu sneplum saman, kom þetta nafn í ljós..." Umrætt Björgvinsstykki var 25 dagsláttur að stærð (7-8 hektarar). Það náði frá Klaufastaðamerkjum, áleiðis að Skollholti og svo til suðurs í átt að sjó. Af lýsingu að dæma hefur það verið langt og mjótt. Nú er ekki vitað með vissu hvað Torfristuholt var en líkast til hefur það verið heldur austar en mitt álverið og jafnvel heldur norðan við það. Líklega hefur holtið lent undir álverinu eða uppfyllingu norðan þess.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Katanes, 4

BO-013:012 heimild um traðir

64°21.866N 21°45.263V

"...axlarháar traðir í gegn um túnið á Katanesi. Þær voru allar í stórum hlykkjum; götuslóðinn var sem sé eltur. Blessaður karlinn hann Ólafur föðurafi minn átti þetta mikla verk og mörg önnur í Katanesi í hlöðnum veggjum og þá túnsléttunum..." segir í örnefnalýsingu. Traðirnar sjást á túnakorti frá 1920. Þær lágu heim að bæ úr vestri, suður fyrir bæjarhúsin og svo áfram til austurs, út að túnjaðri.

Sléttuð tún.

Traðirnar eru alveg horfnar. Þær hafa verið a.m.k. 200 m langar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Katanes, 4; Túnakort 1920

BO-013:013 *Viðleguholtin* heimild um tjaldstæði

"Austast með Eiðisvatni, og heldur lengra til austurs, eru Viðleguholtin. Þar var tjaldað, þegar heyjað var við Eiðisvatn, á Fitjunum austan við það, einnig út með Vatninu..." segir í örnefnalýsingu. Viðleguholt eru líklega lítil, þurr holt við suðausturenda Eiðisvatns.

Mýrar eru umhverfis. Þess má geta að Katanes á ekki land með allri austurhlið vatnsins heldur aðeins til móts við Kríltjörn.

Heimildir: Ö-Katanes, 5

BO-013:014 *Selás* tóft sel

64°22.479N 21°46.049V

Í örnefnalýsingu segir: "Selásinn er 400 m suður í flóanum frá Eystra-Miðfellsmerkjum. Selásinn er melur á hæð; hann liggur frá vestri til austurs, nokkuð grýttur austan til. Þar austast er gömul, græn byggingarrúst; þar mótur þó enn fyrir veggjarbrotum. Þarna mun selið hafa verið og líklega beitarhús seinna, þá líklega sauðahús; þetta hefi ég heyrt gamla menn segja. En selið mun niður lagt sem slíkt fyrir líklega um 100 árum." Ás þessi er 3-400 m suðvestur af Hólmavatni og 1,3 km NNV af Katanesbænum.

Grýttur og gróðurlítill, lágur ás. Háspennulínur liggja yfir hann og er vegur undir þeim til norðausturs en sveigir svo í norður upp með Hólmavatni.

Tóftin er 5 m sunnan við veginn. Þetta er iðagræn en lág bunga sem liggur austur-vestur, 14 x 6 m stór. Hún er bitin af hrossum og hlaupin í þúfur, veggir eru mjög signir, mest um 0,4 m háir. Þrátt fyrir það sést að tóftin skiptist upp í þrjú hólf sem virðast öll hafa opnast í suður. Miðhólfíð hefur verið þeirra stærst, allt að 5 x 3 m. Hvergi sést grjót í veggjum. Sunnan og suðaustan við tóftina eru moldarflög með stórum steinum.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Katanes, 7

BO-013:015 heimild um brunn

64°21.849N 21°45.202V

"Brunnar voru tveir s.v. af bænum," segir í örnefnalýsingu. Annar brunnurinn var um 20 m suðvestur af fjósi sem stendur suðvestast á bæjarhól 001.

Þar er krika þar sem heimreiðin sveigir í suður frá bílastæði við íbúðarhúsið.

Óljós dæld sést um 3 m sunnan við beygjuna. Hún er um 0,1 m djúp og um 1 m í þvermál. Sveinn Brandsson man eftir brunnum en fyllt var upp í hann. Ekki er vitað hvar hinn brunnurinn var.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Katanes, 7

BO-013:016 *Gamligarður* heimild um túngarð

"Upp af Björgvinsstykki, austast í Leynir, en vestan túngarðsins gamla, er nokkuð votlent stykki, nú tún, sem ég kallaði alltaf Fífustykki, því það var alltaf hvítt af fifu," segir í örnefnalýsingu. Síðar í sömu lýsingu segir: "Suðvestur af bænum voru brunnarnir... vestan við þá Gamligarður. (Gamli túngarðurinn orðinn að túni)," segir í örnefnalýsingu. Nú sjást leifar túngarðs (sjá 008) um 200 m vestur af bæjarhól 001 en hann er vestan við það sem áður hét Fífustykki og getur því ekki verið Gamligarður. Hann hefur verið austar, ekki ólíklega á grýttum hrygg sem liggur N-S í túninu en er nú gróinn að mestu og mjög sléttur.

Sléttað tún.

Gamligarður er alveg horfinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Katanes, 2, 14

BO-013:017 *Grænhóll* tóft

64°22.698N 21°44.983V

"Vestan við [Kalmans]ármynnið eru smáhólar, Vatnshólar. Nokkru neðar með ánni vestan við hana er Grænhóll; hann er nokkuð stór og grænt land og uppgróið þar í kringum ævagamlar húsarústir... Eins og flestir vita er talað um Kalmann (svo) sem landnámsmann í Katanesi. Ég minnst þess að heyra eldri menn tala um, á mínum unglingsárum, að bær Kalmans mundi hafa staðið á Grænhól. Það er margt, sem gæti bent til þess, þá sérstaklega, að áin rennur þarna framhjá, sem er reyndar bara lækjarspræna, sem alltaf rennur vatn um." Hóllinn er nálægt suðausturenda Hólmatvatns, um 150 m suðvestan við mynni Kalmansár og 1,5 km NNA af bæ.

Lítill klettahóll, gróinn að mestu. Mýrarflæmi eru umhverfis en lágur grjóthryggur gægist upp úr mýrinni suðvestur af Grænhól og heldur greinilega áfram til vesturs í átt að Skollholti þótt hann sjáist bara á köflum. Ekkert túnstæði er við Grænhól og sáralítið graslendi. Kalmansá rennur austan við hann, niðurgrafinn en á köflum djúpur mýrarlækur.

Aðeins sést ein rúst við Grænhól og hún heldur lítilfjörleg. Því virðast sagnir um miklar húsaleifar þar stórlega ýktar. Tóftin er vestanundir hólnum, sporöskjulaga og alveg hlaupin í þúfur. Hún er um 8 x 6 m og snýr austur-vestur, dyr sjást ekki. Hugsanlegt er að tóftin sé af heystæði eða litlu fjárskýli.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Katanes, 9-10

BO-013:018 *Vaðsteinar* heimild um vað

64°22.677N 21°44.044V

"Þar sem Kalmansá rennur í gegnum sjávarkampinn getur hún orðið alldjúp, þegar hásjávað er; Það heitir Kalmansárós. Tveir steinar standa upp á endann niður í flæðarmálinu í árfarveginum; sá efri er stærri. Þetta eru Vaðsteinar, sem segja til um, hvenær óhætt er að ríða þarna yfir ósinn. Eftir að meira en hálfallið er að og fremri steinninn að fara í kaf, er ekki gerlegt að leggja í ósinn...", segir í örnefnalýsingu. Kalmansárós er 1,7 km austur af Katanesi. Áin er á merkjum Kalastadakots og Kataness.

Steinarnir eru úti í ósnum og eru um 5 m á milli þeirra. Þeir eru alsettir hrúðurkörllum nema allra efst. Áin er ekki mjög vatnsmikil en það breytist vafalaust á háflóði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Katanes, 10

BO-013:019 *Kalmansárvað* heimild um vað

64°22.677N 21°44.677V

"Nokkru ofan við ósinn er áin breiðari og grjót í botni; það var Kalmansárvað og alltaf farið nema mjög lágsjávað væri," segir í örnefnalýsingu. Líklega hefur vaðið verið um 170 m ofan við ósinn.

Þar er áin grunn og breiðir úr sér.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Katanes, 10

BO-013:020 *Stekkjarhóll* tóftir beitarhús

64°22.260N 21°44.614V

"Austsuðaustur af Katanestjörn, utarlega á Austurflóa, er hóll með húsarústum (gömul beitarhús); hann heitir Stekkjarhóll. Nafnið bendir til þess, að þarna hafi einnig verið stekkur eða fjárrétt," segir í örnefnalýsingu. Hóllinn er 2-300 m norðan við sumarbústað sem stendur um miðja veginni milli Kalmansáróss og Kataness, tæpa 850 m norðaustur af bæ.

Stakur hóll í mýri sem hefur verið ræst fram, skurður er grafinn austur-vestur fast norðan við hann.

Hóllinn er töluvert mikill um sig og allt að rúmum 2 m á hæð. Klettur koma undan honum austast og því er hóllinn líklega náttúrumyndun að mestu leyti. Hann liggur suðvestur-norðaustur og er um 25 x 15 m stór. Hann er mjög þýfur og nauðbitinn en greinilega mótur fyrir rústum á honum, líklega af beitarhúsum. Þær eru alls um 12 x 12 m og skiptast í þrjú hólf sem virðast hafa legið þvert á hólinn, þ.e. suðaustur-norðvestur. Vestasta hólfíð hefur verið einna styst en hin tvö allt að 8 m löng og vottar fyrir dæld norðan við þau, hugsanlega heygarði. Fast austan við tóftina vottar fyrir þúst, um 5 x 6 m stórri og gætu það verið leifar af rúst. Hvergi sér í grjót á rústunum og hvorki vottar fyrir gördum né jötum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Katanes, 11

BO-013:021 *Beggakofi* tóft hesthús

64°21.863N 21°45.370V

Í örnefnalýsingu segir: "Á því [Björgvinsstykki sem var á mörkum Gamlatúns og Leynis] stóð Beggakofi; það var hesthús, sem Björgvin byggði um 1930, en er nú fallið." Tóftin sést enn 10 m norðan við túnjaðar, um 200 m vestan við bæjarhól 001.

Þar er mólendi en mýri skammt norðan við tóftina.

Tóftin er greinileg, um 5 x 8 m stór, einföld og snýr með dyr í suður. Hún er algróin og ekki sér í grjót í

veggjum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-013:022 náma mógrafir 64°22.018N 21°44.949V
"Bjarnaskurður kemur suðaustur úr Katanestjörn til sjávar; vestan við hann koma Móholtin. Þau eru tvö, Neðra-Móholt og Efra-Móholt. Mógrafir voru austan við þessi holt og vestan fyrir endann á Efra-Móholti," segir í örnefnalýsingu. Greinilegar mógrafir eru austan við lítil og lág holt, 310 m norðaustur af bæjarhól 001. Grösug, þýfð mýri.

Mógrafasvæðið er a.m.k. 50 x 70 m stórt og býsna samfelld. Grafirnar eru mjög grunnar, mest um 0,3 m svo að rétt vottar fyrir bökkum þeirra, einkum að vestanverðu. Þær eru algrónar í botni og ekki mjög blautar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Katanes, 11-12

BO-013:023 tóft 64°21.897N 21°45.095V
Leifar af tóft eru um 70 m norðaustur af bæjarhól 001.

Þar er graslendi, nú girt í kring og hross höfð þar í girðingu.

Á þessum stað gróf Brandur Jónsson og lenti í grjóti, líklega hleðslum. Á yfirborði er tóftin skeifulaga, um 4 x 7 m. Laust grjót er í hliðum en ekki um að ræða eiginlega vegg. Í miðju sést að grafið hefur verið úr mannvirkinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-013:024 tóft 64°21.975N 21°44.978V
Lítil tóft er á holti um 230 m norðaustur af bæjarhól 001.

Aflangt holt eða grjóthryggur sem liggur suðvestur-norðaustur. Hann er inni í hestagirðingu.

Fremur óregluleg, grjóthlaðin tóft, 3 x 2 m og snýr líkt og hryggurinn SV-NA. Hún er nær því að vera ferköntuð en sporöskjulaga. Aðeins eitt eða tvö umför grjóts eru í veggjum og engar dyr eru sjáanlegar. Tóftin lítur ekki út fyrir að vera gömul, enda eru hleðslur alveg ógrónar og lítið sokknar. Helst lítur út fyrir að sá sem þarna byrjaði að hlaða hafi aldrei lokið við ætlunarverk sitt.

Hættumat: hætta, vegna rasks

BO-013:025 *Merkjavarða* heimild um landamerki 64°21.739N 21°46.354V

"Merkjagirðingin milli Klafastaða og Björgvinslands [sem var syðst og vestast í Katanesslandi] endar á Merkjavörðu; hún er ofan við veginn inn að Katanesi", segir í örnefnalýsingu. Merkjavarða er nú horfin og ekki vitað nákvæmlega hvar hún var. Þó er líklegt að hún hafi verið um miðbik álversins sem nú er á Grundartanga.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Katanes, 4

BO-013:026 *Langavör* heimild um lendingu 64°21.824N 21°45.448V

"Langavör er vestan við Leynirshöfða (svo)," segir í örnefnalýsingu. Höfði þessi gengur fram í sjó austan Leynis, suðvestur af bæ.

Náttúrulegt vik gengur inn að fjörunni milli skerja sem eru þakin þangi og þara.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Katanes, 12

BO-013:027 *Bæjarvör* heimild um lendingu 64°21.818N 21°45.167V

"Bæjarvörin er svo beint niður undan bæjarhlaðinu vestan til. Það eru nokkrir tugir metra frá bænum niður á sjávarbakkann," segir í örnefnalýsingu. Bæjarvör er rúma 80 m vestur af Höfðavör 028.

Smávík er í ströndina. Vestan við það gengur lágur höfði fram í sjó en hann fer á kaf á flóði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Katanes, 12

BO-013:028 *Höfðavörin* heimild um lendingu 64°21.807N 21°45.059V

"Svo koma Klakkarnir, og austur við Höfðann vestanverðan er Höfðavörin. Þar var báturinn settur upp í krikann við Höfðann; þarna er allgóð lending, hrein vör og sandi orpin," segir í örnefnalýsingu. Þetta er fast vestan við Höfðann, en hann er við sjóinn um 150 m suðaustur af bæ.

Sandvör sem er grýtt næst sjónum, klettur eru að austanverðu og ganga inn í landið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Katanes, 12

BO-013:029 *Sokkalaus* heimild um þvottastað 64°21.814N 21°45.082V

"Vestan við [Höfða]vörina [013:028] er klöpp; ofan í hana er grópaður brunnur, ég held af náttúrunnar höndum. Þetta er Sokkalaus; þarna vorum við látin þvo sokka og slá úr þeim á klöppinni. Einnig var ullin þvegin við

sjóinn úr keitu og skuluð úr sjónum, síðan breidd á bakkana," segir í örnefnalýsingu. Lágur klappahryggur markar Höfðavör 028 að vestanverðu. Sökkalaug er þar í einni nyrstu klöppinni. Sæsröfn skál er í klöppinni. Hún er um 40 x 50 cm stór og allt að 30-40 cm djúp í norðurenda. Engin mannaverk sjást á skálinni eða við hana.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Katanes, 12-13

BO-013:030 þúst 64°21.897N 21°45.100V

Mjög áberandi aflöng þúst, líklega manngerð, er um 8 m suðvestur af tóftaleifum 023.

Smáþýft graslendi, hestagirðing.

Þústin lítur út eins og stórt leiði, er aflöng og regluleg og snýr hér um bil austur-vestur. Hún er 6 x 2,5 m stór og rúmlega 0,5 m há, algróin svo að hvergi sér í grjóti. Sker sig mjög úr graslandinu umhverfis.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

BO-013:031 Höfðaréttin hleðsla rétt 64°21.875N 21°44.902V

"...austast á Höfðanum er Stórhóll; þar áttum við börnin okkar bú. Austan við hann á sjávarbakkanum var fjárrétt, Höfðaréttin, lengi notuð, nú mikið fallin, trúlega; hún var gerð úr grjóti," segir í örnefnalýsingu. Stórhóll er áberandi hóll tæpa 200 m suðaustur af bæ, hálfgróinn klapparhóll.

Fram af honum eru klettur fram í sjó en austan við hann svolítið graslendi.

Mjög óglöggar leifar sjást af réttinni. Þetta er þar sem graslendið teygir sig lengst í austur austan Stórhóls en lækkar svo snögglega svo úr verður lítil hvílt á sjávarbakkanum. Hvíltin er fremur grýtt, um 8 x 4 m stór og snýr NA-SV. Fram eða suðaustur af henni eru lágir klettur niður í fjöru. Hrunin og mjög óljós hleðsla gengur frá klettunum til norðvesturs og lokar þannig fyrir vesturenda hvíltarinnar. Hún rennur saman við stórgryti og er 3-4 m löng. Aðrar hleðslur eru ekki greinilegar.

Heimildir: Ö-Katanes, 13

BO-013:032 þúst 64°21.826N 21°44.993V

Nokkrar áberandi þústir, hugsanlega manngerðar, eru á sjávarbakkanum suðaustan við bæ, vestan Stórahóls en austan svonefnds Höfða.

Graslendi, þurrt við bakkann. Ofan bakka er nú tiltölulega þurrt en þar var áður mýri sem nefnd var Hörmung.

Þústirnar eru þrjár eða fjórar talsins, allt að 1,5 x 2,5 m stórar. Þær eru grasi grónar og skera sig mjög úr sléttlandinu umhverfis. Samkvæmt Sveini Brandssyni er grjóti í þústunum.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

BO-013:033 Hérumúsarkot heimild um býli 64°21.834N 21°45.323V

"Þar fyrir vestan [Gamlagarð - 013:008] kom Kotatún (aldrei kallað annað í minni tíð). Vestan til á því, á Klapparhæðinni neðantil, var bær Hérínymusar Gíslasonar. Þessi bær var fallinn, þegar við komum að Katanesi í maí 1922, en veggir stóðu uppi, og við rifum þá og græddum þar tún. Baðstofu glugginn var mót suðri, önnur bæjarhús byggð norðan við baðstofuna," segir í örnefnalýsingu. Í Byggðum Borgarfjarðar segir um sama kot: "Klöpp hét þurrabúð í Katanesslandi, sem var byggð 1896-1898 og 1904-1905. Býlið gekk undir nafninu Hierónymusarkot, kennt við Hierónymus Gíslason, sem síðustu æviár sín var húsmáður í Katanesi. Það stóð vestan við bæinn í Katanesi, upp af Katanesskerjum, milli sjávar og götunnar inn með sjónum." Nú er ekki vitað með vissu hvar kotið stóð. Af lýsingum að dæma er þó líklegast það hafi verið tæpa 150 m suðvestur af bæ, fast suðvestan við klapparhól í túni sem nú er að mestu uppgróinn. Þar er áberandi og ávöl hæð í túni.

Hæðin er algróin en sker sig nokkuð úr annars sléttu túninu og er ekki ósvipuð litlum bæjarhól.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Katanes, 14; Byggðir Borgarfjarðar

BO-013:034 þúst útihús 64°21.894N 21°45.277V

75 m suður af tóft 003 er greinileg þúst í túni.

Sléttað tún en um 5-10 m norður af tóftinni er órákt. Þústin er slegin líkt og túnið umhverfis.

Mjög líklegt er að leifar mannvirkja leynist í þústinni en hafi verið sléttadar út að mestu. Hún sker sig mjög úr túninu og rís allt að 0,4 - 0,5 m yfir umhverfið, stærð um 7 x 7 m.


Hættumat: hættu, vegna ábúðar

BO-013:035 Beðatún

...niðurundan bænum var Beðatún, allt beðasléttur, segir í örnefnalýsingu. Enn mótur óglöggt fyrir beðasléttum í túninu, allra syðst en vestan heimkeyrslunnar. Þar hallar túninu mót suðri og örlar á 4-5 bungum sem liggja N-S og eru mjög óljósar rásir á milli þeirra.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Katanes, 13



Yfirlit fornleifa í Katanesi. Byggingarreitur A er blár,byggingarreitur B grænn. Rauða línan táknar landamerki, númer vísa í fornleifaskrá. Gráu reitirnir sýna núverandi verksmiðjur á Grundartanga.